

Leiðrétting á ákvörðun nr. 195 frá 23. mars 2004 um samræmda beitingu i-liðar a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 að því er varðar heilsugæslu í tengslum við meðgöngu og barnsburð

(Stjtið. ESB L 160 frá 30. apríl 2004)

Ákvörðun nr. 195 (2004/481/EB) verði svohljóðandi:

ÁKVÖRÐUN nr. 195

frá 23. mars 2004

um samræmda beitingu i-liðar a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 að því er varðar heilsugæslu í tengslum við meðgöngu og barnsburð

(Texti sem varðar EES og samning ESB og Sviss)

(2004/481/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI
FARANDLAUNÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatrygginga-reglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja ⁽¹⁾ en samkvæmt skilmálum hans ber framkvæmdaráðið ábyrgð á að fjalla um allt er lýtur að framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af i-lið a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 varðandi aðstoð meðan á tímabundinni dvöl stendur í aðildarríki öðru en hinu lögbæra ríki, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 631/2004 um breytingu á reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 að því er varðar jöfnun réttinda og einföldun málsmeðferðar ⁽²⁾,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 183 frá 27. júní 2001 um túlkun a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, að því er varðar heilsugæslu í tengslum við meðgöngu og barnsburð ⁽³⁾ og ákvörðun nr. 194 frá 17. desember 2003 um samræmda beitingu i-liðar a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 í aðildarríkinu sem dvalist er í,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun nr. 183 frá 27. júní 2001 mælir fyrir um að líta skuli á heilsugæslu í tengslum við meðgöngu og barnsburð, sem veitt er fyrir 38. viku meðgöngu í aðildarríki öðru en hinu lögbæra ríki, sem heilbrigðisaðstoð sem er nauðsynleg án tafar, í samræmi við fyrnefnd ákvæði, ef ástæða dvalarinnar er önnur en til lækninga.

2) Ákvæðum i-liðar a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 var breytt með reglugerð (EB) nr. 631/2004 og mæla hédan í frá fyrir um að allir tryggðir einstaklingar sem dveljast í aðildarríki öðru en hinu lögbæra ríki eigi rétt á aðstoð sem verður nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum meðan á dvölinni stendur, sé tekið mið af eðli aðstoðarinnar og fyrirhugaðri lengd dvalarinnar.

3) Til samræmis við það þjónar ákvörðun nr. 183 ekki lengur neinum tilgangi og skal felld úr gildi.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Lögbær stofnun tryggða einstaklingsins skal greiða fyrir aðstoðina, sem veitt er í tengslum við meðgöngu og barnsburð og þörf er á meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki, í samræmi við i-lið a-liðar 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

2. Ákvörðun þessi, sem kemur í stað ákvörðunar nr. 183 frá 27. júní 2001, verður birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún öðlast gildi 1. júní 2004.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Tim QUIRKE

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 149 frá 5.7.1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 100 frá 6.4.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 54 frá 25.2.2002, bls. 39.